

REGLUGERÐ
um (1.) breytingu á reglugerð nr. 691/2021,
um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í staðinn fyrir 150 í 3. másl. 1. mgr. kemur: 300.
- b. Við 1. mgr. 5. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Sömu skilyrði gilda um skráningu gesta á sitjandi viðburðum, t.a.m. skulu gestir skráðir í sæti á íþróttaviðburðum.
- c. Við 5. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sér-samböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur gildi 15. júní 2021.

Heilbrigðisráðuneytinu, 14. júní 2021.

F. h. r.
Ásthildur Knútsdóttir.

Guðlaug Einarsdóttir.